

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 953 (3.9.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024

Málsnúmer : 202005082

Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið

Niðurstaða (stutt) :

Fundardagur : 03.09.2020

Inngangur : a) Áhættugreining - yfirferð framkvæmdastjórnar

Með fundarboði fylgdi tillaga framkvæmdastjórnar hvað varðar áhættugreiningu með forsendum fjárhagsáætlunar 2021-2024.

b) Umræður um verklag, áherslur og markmið vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2021-2024.

c) Drög að fjárhagsramma 2021 - til umræðu.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs kynnti fyrstu drög að fjárhagsramma fyrir árið 2021.

Niðurstaða : a) Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við áhættugreininguna.

b) Til umræðu.

c) Lagt fram til kynningar og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að vinna áfram að rammanum fyrir næsta fund.